

VERKEFNA- OG FJÁRHAGSUPPGJÖR 1984
ásamt fyrstu verkáætlun fyrir 1985

EFNISYFIRLIT

Yfirlit forstjóra um starfsemina 1984 og áætlun 1985

Verkefni og fjármál

Fjárhagsuppgjör 1984

Verkefnauppgjör 1984 samantekt

Fyrsta verkáætlun 1985 samantekt

Skipulag JHD og starfsmannaskrá 1984

Einstök verkefni, uppgjör 1984, áætlun 1985

Rekstur verknúmer 3.....

Fagverk - " - 3.....

Deildarverk - " - 5.....

Söluverk - " - 6.....

Viðauki I. Ritaskrá jarðhitadeildar 1984

Skýrslur og bráðabirgðaskýrslur

Önnur rit

YFIRLIT UM STARFSEMI JARÐHITAEILDAR 1984, ÁSAMT FYRSTU VERKÁÆTLUN 1985

Inngangur

Í því yfirliti um starfsemi Jarðhitadeildar Orkustofnunar 1984, sem hér er lagt fram, er farið að á svipaðan hátt og gert var á fyrsta skilafundi deildarinnar á árinu 1984. Á þar til gerðum eyðublöðum er gerð grein fyrir framvindu hinna fjölmörgu verkefna deildarinnar á árinu 1984, og jafnframt gerð grein fyrir áætluðu umfangi verkefnanna á árinu 1985. Þessar upplýsingar eru síðan dregnar saman í nokkrum töflum, þar sem gefið er yfirlit um skiptingu vinnutíma og fjármagns á hin ýmsu verkefni. Verkefnunum er skipt í fjóra meginflokka: rekstur, fagverk, deildarverk og söluverk. Fyrir hvern flokk er útbúin tafla, þar sem fram kemur framlag (hinna ýmsu) fagdeilda Jarðhitadeildar til einstakra verkefna (sjá Töflur 3-6).

Eins og áður byggir yfirlitið um vinnuframlag fyrst og fremst á úrvinnslu úr vinnuskýrslum í tölvu stofnunarinnar. Enn er ekki fullbúin aðferðafræðin við þessa úrvinnslu og því hugsanlegt að misræmis gæti á stöku stað milli talna, sem eiga að vera sambærilegar. Reynt hefur verið að láta allar forsendur koma skýrt í ljós, svo að misskilningur eigi sér ekki stað. Enn er eftir að samræma að hluta framsetningu milli Jarðhitadeildar (JHD) og Vatnsorkudeildar (VOD), en unnið er að því að ná slíkri samræmingu fram sem fyrst.

Starfsáætlun Jarðhitadeildar, sem venjulega er frágengin í fyrstu útgáfu í marsmánuði, er endurskoðuð svo oft sem þurfa þykir yfir árið. Ný verkefni eru tekin inn öðru hverju og áætlanir um yfirstandandi verkefni endurskoðaðar. Vegna þess stakks sem deildinni er skorinn í starfsmannahaldi reynist oft nauðsynlegt að draga úr áætluðu umfangi einstakra verkefna til að koma fyrir nýjum verkefnum eða auknu umfangi yfirstandandi verkefna. Við slíkar aðstæður er reynt að meta mikilvægi einstakra verkefna fyrir þjóðarbúið, að svo miklu leyti sem sérhæft starfslið er færanlegt milli verkefna.

Snemma á árinu 1984 var tekin upp sú stefna í samráði við iðnaðarráðherra að leita eftir jarðhitaverkefnum á erlendum vettvangi. Deildin hefur ekki áður farið inn á þessa braut, þótt einstakir starfsmenn hennar hafi á liðnum áratugum unnið við slík verkefni sem einstaklingar. Í samvinnu við Virki hf voru kannaðir möguleikar á slíkum verkefnum í Ethiopíu, N-Yemen, Grikklandi og Kenya. Þessi könnun hefur þegar borið nokkurn árangur og verður henni haldið áfram.

Á vegum Iðnaðarráðuneytisins stóð yfir mikinn hluta ársins hagræðingarúttekt á Orkustofnun, sem Hagvangur hf. annaðist. Hjá Jarðhitadeild leiddi þessi úttekt ekki til mikilla breytinga, en skipulagsmál deildarinnar voru þó tekin til sérstakrar meðferðar undir lok ársins, og var gengið frá tillögum þar að lútandi, sem einkum beindust að styrkingu á verkefnastjórn á deildinni.

Hér á eftir verða raktir í stuttu máli meginráttirnir í starfsemi deildarinnar á liðnu ári. Nánari upplýsingar um einstök verkefni er að finna á tilsvarendi uppgjörseyðublöðum. Ennfremur í þeim skýrslum, sem deildin sendi frá sér á árinu, en þær eru alls 72 talsins, auk styttri greinargerða. Lista yfir skýrslur og önnur rit er að finna aftan við verkefnauppgjörið.

Yfirlit yfir verkefnauppgjör 1984

Í töflu 1 er að finna samandregið yfirlit yfir vinnuvikur í hinum einstöku verkefnaflokkum samkv. áætlun frá mars 84, ásamt niðurstöðutölum úr uppgjöri ársins 84. Þar kemur fram, að heildarvinnustundafjöldi á árinu var 152.014, þar af var óvirkur tími 32.220. Til óvirks tíma teljast sumarfrí, veikindi, persónulegur tími, endurmenntun o.fl. þ.h. Áætlunin frá mars 84 var gerð í mannvikum, og var þá átt við almanaksvikur. Til að umreikna vinnustundir samkv. vinnuskýrslum í vikur er notaður umreikningsstuðullinn 48,5 klst/viku, sem var meðalvinnuvika á JHD á árinu 1984. Í þessu yfirliti eru s.k. lestímar ekki meðtaldir, því að ekki er gerð grein fyrir þeim sérstaklega í vinnuskýrslum starfsmanna. Hjá JHD voru þeir alls rúmlega 5000 klst á árinu 1984.

Rekstur

Í þessum verkefnaflokki eru verkefni, sem snerta hinn almenna rekstur deildarinnar, þar með talið stjórnun, vélritun, tölvurekstur, rekstur rafeinda- og efnafræðistofa, rekstur og viðhald tækja og bíla o.fl. Þessi rekstur er í nokkuð föstu formi frá ári til árs. Innifalið í honum er einnig efnagreiningar vegna annarra verkefna deildarinnar. Heildarumfang þessara verka var 474 vikur, sem er um 19,2% af virkum vinnutíma og 15,1% af heildarvinnutíma.

Fagverk

Fagverk námu alls 401 vikum eða 16,3% af virkum vinnutíma og 12,8% af heildar vinnutíma. Um það bil fjórðungur af þessum tíma fór í forritun vegna vaxandi notkunar tölvu stofnunarinnar við úrvinnslu og geymslu þeirra gagna, sem aflað er í hinum ýmsu verkefnum

deildarinnar. Þróun nýrra aðferða og tækjabúnaðar við jarðhitaleit og vinnslurannsóknir nam um helmingi af umfangi fagverka. Athuganir á nýjum leiðum til nýtingar jarðhita voru gerðar að vissu marki, en minna þó en áætlað var, vegna nýrra verkefna sem tekin voru inn á árinu.

Deildarverk

Deildarverkefnunum er skipt í lághitarannsóknir, háhitarannsóknir, vinnslutækni jarðhita og önnur deildarverk. Þessu til viðbótar koma verkefni sem kostuð eru af sérstökum fjárveitingum.

Í lághitarannsóknnum var aðallega unnið að svæðiskönnunum á Suður- og Norðurlandi, svo og að samantekt eldri gagna af höfuðborgarsvæðinu. Vegna sérstakra aðstæðna var unnið nokkuð að jarðhitaleitarrannsóknnum á vinnslusvæðum Hitaveitu Hríseyjar og Hitaveitu Egilsstaða og Fella og er þeim að mestu lokið. Húshitunaráætlunin var enn á verkefnaskrá deildarinnar og hefur gengið hægar að reka endahnúttinn á hana en gert hafði verið ráð fyrir. Þetta verk er unnið í samvinnu við RARIK. Gert er ráð fyrir lokaskýrslu snemma árs 1985.

Í háhitarannsóknnum var unnið að forathugunum á Trölladyngju-Krísuvíkursvæðinu og að rannsóknnum á Hengilssvæðinu utan Nesjavallasvæðisins. Gefin var út skýrsla um samvinnuverkefni Orkustofnunar, Raunvísindastofnunar og Hitaveitu Reykjavíkur um skjálftarannsóknir á Hengilssvæðinu, sem staðið höfðu í nokkur ár. Lokið var við skýrslu um yfirborðsrannsóknir Jarðhitadeildar á Þeistareykjasvæðinu og kom hún út í lok ársins. Er það svæði nú tilbúið til rannsóknaborana.

Rannsóknnum á umbrotum á Kröflusvæðinu og áhrifum þeirra á jarðhitasvæðið var haldið áfram á árinu. Jafnt og þétt hefur verið dregið úr þessum rannsóknnum undanfarið ár, en í kjölfar eldgosahrinu í september 1984, sem kom flestum á óvart, þótti ekki rétt að sinni að draga frekar úr þeirri gagnasöfnun, sem farið hefur fram undanfarið.

Á árinu eignaðist Orkustofnun eintak af tölvuforritinu Shaft 79, sem ætlað er til líkanreikninga á jarðvarmageymum á háhitasvæðum. Unnið var að því að koma forritinu upp á tölvu OS og gekk það í alla staði vel. Jafnframt voru lagðar til hliðar fyrirætlanir um að próa eigið forrit til að líkja eftir hegðun jarðhitakerfa, en þetta verkefni var upphaflega á verkefnaskrá deildarinnar.

Á sviði vinnslutækni tók deildin á eigin kostnað þátt í niðurdælingartilraunum í Svartsengi, sem unnar voru í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja, sem kostaði tilraunina að öðru leyti. Gerð var

hagkvæmniathugun á samrekstri raforkuvinnslu og fiskeldis með jarðhita og kom út skýrsla um það verkefni, sem var aðallega unnið af Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns. Þá var unnið nokkuð að öðrum verkefnum á sviði vinnslutækni, þar á meðal rannsókn á Mg-Si útfellingum, sem geta orðið vandamál hjá hitaveitum er nýta upphitað ferskt jarðvatn.

Meðal annarra deildarverka má nefna tæknilega umsjón með tölvu Orkustofnunar og ráðgjöf við þróun hugbúnaðar í tengslum við hana.

Deildinni hafa verið talin nokkur verkefni sem unnin hafa verið fyrir sérstakar fjárveitingar. Forrannsóknir á jarðhita í Öxarfirði voru unnar fyrir sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Þessu verkefni lýkur með skýrslu á árinu 1985. Unnið var áfram að gagnasöfnun varðandi hugsanlegar orkulindir á hafsbotninum innan íslenskrar efnahagslögsögu. Þá var unnið mikið undirbúningsstarf að sameiginlegum rannsóknum Íslendinga og Norðmanna á Jan Mayen-hryggnum, sem framkvæmdar verða á árinu 1985. Voru tillögur Orkustofnunar um framkvæmd þessara rannsókna sendar Olíustofnuninni í Noregi haustið 1984, og verður í megindráttum unnið samkvæmt þeim.

Stærsta sérverkefni deildarinnar innan deildarverkanna var rekstur Jarðhitaskólans. Hann útskrifaði að þessu sinni 8 styrkþega eftir 6 mánaða þjálfun á sviði jarðeðlisfræði, borholujarðfræði og jarðhitanytingar. Styrkþegarnir komu að þessu sinni frá 5 löndum. Rekstur Jarðhitaskólans var kostaður að 63% af framlagi íslenska ríkisins, 35% frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tokyo, og 2% með öðrum framlögum. Alls tóku 17 starfsmenn deildarinnar þátt í þessu verkefni, þar af lögðu 9 fram meira en eins mánaðar starf hver á árinu.

Söluverk

Söluverk deildarinnar urðu heldur meiri á árinu en gert hafði verið ráð fyrir í ársbyrjun og kom það talsvert niður á fag- og deildarverkum. Að hluta var um að ræða ný verkefni, einkum á sviði fiskeldis og erlendrar verktöku, en einnig að hluta aukið umfang einstakra söluverka, einkum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur og Kröfluvirkjun.

Stærsta söluverk deildarinnar var unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur og fól í sér jarðhitafræðilegt eftirlit og ráðgjöf við boranir bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Nesjavöllum, alls 6 holur. Skilað var til Hitaveitunnar 9 skýrslum um Nesjavelli og 6 um höfuðborgarsvæðið, sem allar flokkast undir bráðabirgða- eða framvinduskýrslur. Haustið 1984 var gerður rammSAMningur milli Hitaveitu Reykjavíkur og

Orkustofnunar um rannsókn- og ráðgjafastörf vegna jarðhitaleitar og mats á afkastagetu og vinnslueiginleikum þeirra svæða, sem Hitaveitan nýtir eða hyggst nýta í framtíðinni. Með því var komið fastara formi á samninga um þessi verk en áður hafði verið og eru skriflegir samningar nú gerðir um öll verk, þar sem kveðið er á um umfang verks, áætlaðan kostnaðar og skýrslugjöf. Er þetta með svipuðum hætti og tíðkast hefur um árabíl í samskiptum Jarðhitadeildar við Kröfluvirkjun.

Rannsókn- og ráðgjafastörf fyrir Kröfluvirkjun voru enn sem fyrr stór liður í starfsemi deildarinnar og komu næst á eftir Hitaveitu Reykjavíkur að því er tekur til umfangs söluverka. Í nóvember 84 var haldið í Reynihlíð s.k. hrafnaþing um stöðu gufuöflunar fyrir virkjunina og þar gerðu starfsmenn deildarinnar ítarlega grein fyrir niðurstöðum sínum og lögðu fram ákveðnar tillögur um næstu skref til gufuöflunar. Svo virðist sem mjög sé farið að draga úr áhrifum jarðeldanna á jarðhitakerfið og því sé meiri ástæða til bjartsýni nú en áður um gufuöflun fyrir virkjunina, þegar að því kemur að markaðurinn getur tekið við viðbótarorku frá Kröflu.

Skilað var til Kröfluvirkjunar alls 12 skýrslum á árinu, þar af 3 vegna yfirborðsrannsókna á Hvíthólasvæðinu. Því til viðbótar var framlag deildarinnar til hrafnaþings í formi fyrirlestra.

Í Svartsengi var unnið að tilraunum með niðurdælingu á affallsvatni og var það samvinnuverkefni Hitaveitu Suðurnesja og Jarðhitadeildar. Gáfu þessar tilraunir upplýsingar um samgang milli borhola á vinnslusvæði hitaveitunnar.

Á Seltjarnarnesi var boruð ein vinnsluhola og veitti Jarðhitadeild ráðgjöf og rannsóknþjónustu við það verk. Þá hefur deildin á liðnum árum fylgst með efnainnihaldi vatnsins úr borholum hitaveitunnar og hefur komið í ljós, að selta vatnsins hefur aukist verulega á síðustu árum. Unnið er að því að leita skýringa á þessu fyrirbæri.

Unnið hefur verið áfram að jarðhitaleit fyrir Hitaveitu Akureyrar, bæði á Glerárdal og við Laugaland á Þelamörk, og gengið frá skýrslum þar að lútandi með tillögum til hitaveitunnar.

Auk framangreindra verka fyrir hitaveitur og aðra orkuvinnsluaðila hefur Jarðhitadeild unnið að fjölmörgum minni verkefnum fyrir hitaveitur og einstaklinga, aðallega á Suðurlandi, en einnig að vissu marki í öðrum landshlutum.

Jarðhitadeild annast rekstur Jarðvarmaveitna ríkisins, sem ekki hafa eigið starfslið, og er litið á rekstur þeirra sem venjulegt söluverk

af hálfu deildarinnar. Var sá rekstur á svipuðu formi og verið hefur undanfarin ár.

Nokkur ný söluverk voru tekin inn á starfsáætlun deildarinnar. Þar má nefna fiskeldisverkefni fyrir 5 fiskeldisstöðvar, hið stærsta fyrir fyrirtækið Íslandslax hf., en að því unnu auk Jarðhitadeildar Vatnsorkudeild og verkfræðistofan Vatnaskil. Þá má nefna verkefni á erlendum vettvangi og verður vikið að þeim nánar hér á eftir.

Verkefnaöflun erlendis

Eins og getið var um hér að framan fór deildin inn á þá braut á síðasta ári að leita eftir jarðhitaverkefnum á erlendum vettvangi. Vár það gert í samvinnu við Virki hf, sem um árabíl hefur stundað verkefnaleit erlendis á þessu sviði. Farið var í kynningarferð til Grikklands snemma á árinu, og tilboð voru gerð í verkefni í Ethíopíu og N-Yemen. Samningar tókust við Landsvirkjun Grikklands um ráðgjöf við jarðhitavirkjun á eyjunni Milos í Eyjahafi og síðar var þess óskað að Virkir/OS tækju einnig að sér viss verkefni í sambandi við svipaða virkjun á eyjunni Nisyros. Á báðum þessum stöðum eru háhitasvæði með mjög söltum jarðhitavökva, sem engan veginn verður auðvelt að nýta. Af hálfu Jarðhitadeildar hafa þessi verk til þessa mest hvílt á vinnslutæknideild og jarðefnafræðideild.

Tekjur

Heildartekjur Jarðhitadeildar á árinu 1984 voru 55,1 Mkr (Tafla 2). Þar af var fjárveiting á fjárlögum 30,3 Mkr eða 55%. Tekjur af söluverkum voru 16,0 Mkr eða 29%. Sérstök framlög komu til ákveðinna verkefna, 6,0 Mkr eða 11% vegna Jarðhitaskólans og 1,2 Mkr eða 2% vegna háhitarannsókna í Öxarfirði. Þá fékk deildin 0,9 Mkr til rannsókna vegna hugsanlegra orkulinda á hafsbotninum kringum landið.

Starfsmannahald og skipulagsmál

Mestan hluta ársins stóð yfir hagræðingarúttekt Hagvangs á Orkustofnun á vegum Iðnaðarráðuneytisins. Á meðan á henni stóð voru ekki ráðnir nýir starfsmenn hjá Jarðhitadeild þar sem aðrir höfðu hætt og leiddi þetta til nokkurs samdráttar á vissum sviðum. Hjá deildinni var á s.l. hausti reynt að meta sérstaklega í ljósi úttektar Hagvangs horfurnar í jarðhitaverkefnum framundan og var niðurstaðan af því mati sú, að ekki væri að vænta samdráttar á næstu árum. Þessi niðurstaða deildarinnar var í mótsögn við niðurstöður Hagvangs, sem taldi að fækka mætti talsvert starfslíði á deildinni. Lokaniðurstaðan

varð sú, að ákveðin var fækkun starfsliðs um 2 frá því sem var haustið 1983, en frekari aðgerðir skyldu biðna starfsáætlunar deildarinnar fyrir 1985. Sú starfsáætlun er lögð hér fram, og sýnir hún m.a., að tillögur Hagvangs um fækkun starfsliðs á deildinni voru ótímabærar.

Skipulag Jarðhitadeildar hefur verið talsvert til umfjöllunar á árinu, m.a. í tengslum við úttekt Hagvangs. Í lok ársins var unnið að því að móta tillögur deildarinnar um breytingar á skipulagi, sem hefðu það að markmiði fyrst og fremst að styrkja verkefnastjórn hjá deildinni. Voru tillögur deildarinnar sendar orkumálastjóra í janúar 85.

Fyrsta verkáætlun fyrir árið 1985

Unnið var að fyrstu verkáætlun deildarinnar fram í mars og var hún rædd á fundum með orkumálastjóra og stjórn stofnunarinnar, þar sem gerðar voru á henni ýmsar breytingar. Nokkur óvissa er enn um ýmis söluverk, bæði innanlands og utan, og verður því áætlunin endurskoðuð jafnóðum og samningar um einstök verk liggja fyrir. Á samandregnu formi er áætlunin sýnd í töflum 7-10.

Heildartekjur deildarinnar á árinu 1985 eru áætlaðar um 71 Mkr, þar af eru 40,1 Mkr fjárveiting á fjárlögum og 8,2 Mkr sérstök framlög, aðallega vegna Jarðhitaskólans. Tekjur af söluverkum eru áætlaðar 23 Mkr. Í heild er þessi áætlun svipuð að umfangi og s.l. ár, enda þótt fyrirbyggjandi verkefni hefðu leyft talsverða aukningu í starfsemi deildarinnar.

25. mars 1985

Guðmundur Pálmarsson

Tafla 1

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

1985-03-16

Samanburður á vinnuvikum

á JHD 1984 (áætlun og uppgjör)

og 1985 (áætlun). SGS/gb

Heildar vinnust. fjöldi 1984	152.015
þar af óv. tími	32.220

Virkur tími, klst.	119.795
--------------------	---------

	Áætl. vikur 1984	Varð 1984 vikur*)	stundir	Áætl. vikur 1985	stundir*)
Rekstur	506	487,4	22.973	627	30.410
Fagv.	472	387,4	19.456	267	12.950
Deild.v.	883	721,5	34.992	755	36.618
Söluv.	835	873,7	42.374	995	48.258
	2.696	2.470	119.795	2.644	128.236
óv. tími	554	664	32.220	600	29.100
Alls	3.250	3.134	152.015	3.244	157.336

*) Umreikningsstuðull: 48,5 klst/viku, sem var meðalvinnuvika á JHD á árinu 1984.

Mismunur milli 1984 (varð) og 1985 (áætl.) 174 vikur.

Tafla 2

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1985-03-16

FJÁRHAGSUPPGJÖR 1984


GJÖLD

Launagjöld		30.301.575
Laun	27.626.619	
Launatengd gjöld	2.674.956	
Annað		24.782.890
Rekstur	19.856.422	
Viðhald	332.347	
Gjaldf. stofnk.	4.594.121	

TEKJUR

Fjárveiting		30.265.200
Sérstök framlög		8.825.198
Jarðhitaskóli HSP	6.012.758	
Orkulindir á hafsbotni	912.440	
Orkusjóður v/hitast.b.	700.000	
Ríkissjóður v/öxarfjarðar	1.200.000	
Verksala		15.994.067

55.084.465 55.084.465



Stefán Sigurmundsson
Rekstrarstjóri JHD

Verkefnauppgjör JHD 1984
Megin skipting tíma og fjár

OR K U S T O F N U N
J H D
1985-02-12 SGS/IH/ih

TAFLA 3

	Vinnu- stundir	Mann mán.	%	1) Laun	2) Kostnaður beint á verk	3) Kostnaður óbeinn	JHD Alls (1+2+3)	%
Rekstur	22.973	137,6	19,2	6.235	7.345	-	13.580	24,7
Fagverk	19.456	116,5	16,2	5.281	842	392	6.515	11,8
Deildarverk	34.992	209,5	29,2	9.498	11.103	1.096	21.697	39,4
Söluverk	42.374	253,7	35,4	11.501	1.027	704	13.232	24,0
	119.795	717,3	100,0	32.515	20.317	2.192	55.024	100,0

VERKEFNAUPPGJÖR JHD
Rekstur 1984

VERK	KLST ALLS	SMK	JFK	BJF	JEL	BHM	JEF	VVI	MAN	ALLS	LAUN	B A VERK	OB A VERK	ALLS
Almennur rekstur jhd	13.485	62,40	0,40	4,62	4,83	3,65	2,25	2,60	80,75	3.660,192	-	-	-	3.660,192
Stofur og verkstæði	3.029	-	-	3,79	5,64	-	1,87	6,84	18,14	822,152	1.441,347	-	-	2.263,499
Tæki og bifreiðar	6.459	-	-	-	7,98	24,46	6,24	-	38,68	1.753,146	5.903,833	-	-	7.656,979
ALLS	22.973	62,40	0,40	8,41	18,45	28,11	10,36	9,44	137,57	6.235,490	7.345,180	-	-	13.580,670

1985-02-12 SGS/IH/ih

VERNR	KLST ALLS	SMK	JFK	BJF	JEL	BHM	JEF	VVT	MAN ALLS	LAUN	B A VERK	OB A VERK	748	ALLS
PYNGDARKORT AF ISLANDI	300310	45,0	0,27						0,27	12.214	5.298		748	18.260
PROUN ADF I GEYMISVERKFRÆÐ	300311	775,5	4,64						4,64	210.492			12.892	223.384
JARÐHITAKORT AF ISLANDI	320311	246,0	1,47						1,47	66.771	948		4.089	71.808
DNAG RITGERÐ	320312	46,0	0,28						0,28	12.486			765	13.251
FJARKÖNNUN JARÐHITASVÆÐA	320313	322,0	1,93						1,93	87.399	28.876		5.353	121.628
MALMSTEINDIR	330310	65,0		0,39					0,39	17.643			1.081	18.724
SAMB A JARLSN & MEL I BHOL	330312	3,0		0,02					0,02	814			50	864
UMYND BERGS A JARÐHITASVÆ	330313	210,5		1,26					1,26	57.135	8.031		3.499	68.665
JARÐHITI A STRÖNDUM	330314	35,0		0,21					0,21	9.500			582	10.082
BJF - FORRITASAFN	330315	1036,0		6,20					6,20	281.198			17.222	298.420
PROUN OG NYSMIÐI TÆKJA JEL	340304	1219,0			7,30				7,30	330.869	208.451		20.264	559.584
JEL - FORRITASAFN	340310	1366,5			8,18				8,18	370.905	14.624		22.716	408.245
EDLISVIÐNAM BERGS	340311	804,5			4,82				4,82	218.363	3.005		13.374	234.742
SP-MÆLINGAR	340312	560,5			3,36				3,36	132.135	7.990		9.317	169.442
MT-MÆLINGAR	340313	1941,5			11,63				11,63	526.975	296.464		32.275	855.714
NYSMIÐI MELITÆKJA	350302	728,5			4,36				4,36	197.735	9.277		12.110	219.122
BHM - FORRITASAFN	350311	316,5			1,90				1,90	85.907			5.261	91.168
GAGNAVINNSLUTÆKI I MELBIL	350312	1171,0			7,01				7,01	317.841	62.831		19.466	400.138
EDLISPYNGDARKVÖRÐUN	350313	20,0			0,12				0,12	5.429			332	5.761
EFNAGREININGAR	360304	3915,0			23,44				23,44	1.062.636			65.081	1.127.717
JEF - FORRITASAFN	360310	500,0			2,99				2,99	135.713			8.312	144.025
EFNAGREININGAADFÖRÐIR	360311	590,5			3,54				3,54	160.278			9.816	170.094
WRI-5	360312	130,5			0,78				0,78	35.421			2.169	37.590
KENNI EFNI	360313	116,0			0,69				0,69	31.486	8.051		1.928	41.465
HAGKVÆNNIATH A NYT JARÐHIT	370310	1099,0			6,58				6,58	298.298	61.047		18.269	377.614
HÖNNUN BORHOLA OG BORPLANA	370311	99,0			0,59				0,59	26.871	1.325		1.646	29.842
TILRAUNIR M VARMADÆLUR	370312	483,0			2,89				2,89	131.099	69.235		8.029	208.363
MEDH GASTEGUNDA I JARÐGUFU	370314	153,0			0,92				0,92	41.528	5.722		2.543	49.793
EFNAIBLÖNDUN I HITAVATNI	370316	59,0			0,35				0,35	16.014	35.329		981	52.324
VVT - FORRITASAFN	370318	896,0			5,37				5,37	243.199	1.277		14.895	259.371
JARÐHITI I MJOLKURITÖNADI	370319	382,5			2,29				2,29	103.821	14.703		6.359	124.883
JARÐHITI I KÆLIÐNADI	370320	51,0			0,31				0,31	13.843			848	14.691
TÆKJAPROUN F 2-FASA RENNSL	370321	69,0			0,41				0,41	18.728			1.147	19.875
ALLS		19455,5			3,68				3,68	8.08			31,44	391.742
					35,29				19,71	116,50	842,484		5.280,746	6.514,972

TAFLA 5

1985-02-12 SGS/IH/ih

VERNR	VERKNR	KLST ALLS	SMK	JFK	BJF	JEL	BHM	JEF	VVT	MAN ALLS	LAUN	B A VERK	OB A VERK	ALLS
HITAV	REYKJAV LAGHITASVÆÐI	611111	8653,0	9,11	0,96	26,45	0,85	14,43	51,80	2.348.657	31.039	143.844	2.523.540	
HITAV	REYKJAV V-HENGILL	611112	518,5	0,30	1,56	0,57	0,67		3,10	140.735	21.440	8.619	170.794	
HITAV	REYKJAV NESJAVELLIR	611113	5925,5	0,08		16,54	1,25	17,61	35,48	1.608.340	228.235	98.503	1.935.078	
VAINVEITA	REYKJAVIKUR	611120	59,0		0,20	0,09	0,07		0,36	16.014		981	16.995	
HITAVEITA	SUBURNESJA SENGI	623001	993,0						1,94	269.527	25.903	16.507	311.937	
HITAVEITA	SUBURNESJA EVBRP	623002	422,5			1,47			0,25	114.678	8.571	7.023	130.272	
HITAV	SUBURNES NIÐURDÆLING	623003	3013,5					7,16	10,88	817.945	179.175	50.095	1.047.215	
SJÖVANNSLAN	REYKJANESI	625011	155,5		0,04	0,07	0,04	0,62	0,21	42.207	5.699	2.585	50.491	
SIS - NORQUA		625012	413,0					0,09	2,39	112.099	16.497	6.866	135.462	
FISKELDI	HUSATOFUM	625013	108,0						0,65	29.314	7.504	1.795	38.613	
VÖGAR	HAFBEIT	625014	17,0				0,10		0,10	4.614		283	4.897	
HITAVEITA	SELTJARNARNES	626011	2285,5	1,80		5,42	0,29	3,83	13,68	620.346	14.559	37.993	672.898	
TALKNAF	JÖRDUR	646041	99,5			0,60			0,60	27.007		1.654	28.661	
HITAVEITA	SUBUREYRAR	647061	262,5		0,01	0,56	0,49	0,44	0,05	71.250	1.582	4.364	77.196	
HITAVEITA	SIGLUFJ SKUTUDAL	650001	7,0			0,02	0,02		0,04	1.900		116	2.016	
HITAV	AKUREYRAR EYJAF JÖRD	660001	2550,5	0,92	2,96	2,77	8,08	0,15	15,27	692.274	130.196	42.398	864.868	
HRISEY -	HITAVEITA	665041	136,5		0,32	0,08	0,11	0,13	0,18	37.050	1.534	2.269	40.853	
HITAVEITA	SVALBARÐSEYRAR	666011	479,5		0,04	0,04	2,74	0,05	2,87	130.149	14.778	7.971	152.898	
JVR	NAMAF JALL	666071	1665,0						9,29	451.926	10.571	27.678	490.175	
RARIK	KRAFLA BORUN EFTIRL	666072	7251,0	0,63	0,80	9,64	0,19	17,38	43,41	1.968.117	153.934	120.537	2.242.588	
RARIK	KRAFLA HVITHOLL	666073	2168,5	1,37		0,58	11,03		12,98	588.589	48.626	36.048	673.263	
HITAV	EGILSST URRIDAVATN	676031	323,5	0,06	0,77	0,37		0,74	1,94	87.807		5.378	93.185	
HITAV	SELFÖSS	680001	247,5			0,78		0,06	1,48	67.178	8.892	4.114	80.184	
SUÐURLAND	BORANIR	680081	1107,0		1,86	1,95	0,49	0,11	1,72	300.470	1.888	18.402	320.760	
LAUGALAND	I HOLTUM	686091	834,5	1,21		0,80	2,31	0,64	0,04	226.506	1.415	13.872	241.793	
HVERGERDI	HITAKORT OFL.	687161	24,5						0,15	6.650		407	7.057	
MILOS		699101	452,5				0,19	1,58	0,95	122.821	81.374	7.522	211.717	
NISYROS		699102	21,0				0,13		0,13	5.700		349	6.049	
YMIS ÞJONUSTUVERKEFNI		699991	2179,5	3,06	3,27	2,97	1,45	1,05	0,42	591.575	33.594	36.231	661.400	
ALLS			42374,0	18,54	12,75	71,70	30,24	31,26	29,12	11.501.445	1.027.006	704.404	13.232.855	

TAFLA 6

1985-02-12 SGS/IH/ih

VERKNR	KLST ALLS	SMK	JFK	BJF	JEL	BHM	JEF	VVT	MAN ALLS	LAUN	B A VERK	OB A VERK	ALLS
HÖFUÐBORGARSVEIÐ	51111	710,0	0,53	3,19	0,23	0,30			4,25	192.713	113.208	20.785	326.706
HHR REYKJAN ELDV SVARTISENG	523001	298,5			0,61		0,08	0,21	1,79	81.021	6.539	8.738	96.298
HHR TRÖLLADYNGJA KRISUVIK	523002	3602,5	1,94	0,01	15,52	0,34	0,21	1,30	21,57	977.815	396.402	105.460	1.479.677
BORGARFÖRÐUR HEILDARKÖNNUN	535001	238,5	0,08		0,96	0,02	0,36		1,42	64.735		6.982	71.717
SURTARBRANDUR	540041	280,5	1,52				0,16		1,68	76.135		8.211	84.346
NORDURL. VESTRA HEILDARK	557031	598,0	1,25		0,07		1,46	0,80	3,58	162.313	35.043	17.506	214.862
HRISEY	565041	983,0		0,07	5,54	0,16	0,11	5,88		266.813	30.070	28.776	325.659
HAHITARANNSOKNIR NAMAFJALL	566071	580,5		0,01	0,49		2,99		3,49	157.563	14.383	16.994	188.940
HHR KRAFLA YFIRBRANNS UMBR	566072	1605,0	2,94		5,80	0,11		9,61		435.640	382.161	46.985	864.786
GUFUÐFLUN I KRÖFLU	566073	61,0				0,37		0,37		16.557		1.786	18.343
HAHITARANNS, PEIStAREYKIR	566101	1012,5	3,71	0,11	0,31		1,88	6,07		274.820	15.465	29.640	319.925
ÖXARFJÖRÐUR	567021	1801,0	2,95		4,00	0,60	1,91	10,78		488.840	349.280	361.880	1.200.000
URRÐEVAÐN JARÐHRANNSOKNIR	576031	718,0	1,82	0,11	0,27		2,10	4,30		194.885	36.257	21.019	252.161
GAS I LAGARFLJÓTI	576032	181,0	0,48				0,60	1,08		49.128	20.887	5.299	75.314
SUBURLAND HEILDARKÖNNUN	580081	905,0	4,32	0,44	0,09		0,57	5,42		245.641	23.978	26.493	296.112
HAHITARANNSOKNIR HENGILL	587001	1529,5	2,12	0,07	5,01		1,48	9,15		415.147	224.901	44.775	684.823
STARFSNANNAFEL ORKUSTOFNUN	590001	233,5	0,12	0,15	0,69		0,06	1,39		63.378		6.836	70.214
H.S.P. KENNSLA	590010	8108,0	12,67	10,76	12,66	1,08	1,40	1,25	48,56	2.200.729	4.669.229		6.869.958
JARÐVARMAMAT	590020	240,5	0,79	0,65				1,44		65.278	3.179	7.040	75.497
ALMENN ÞROUN HUGBUNADAR	590040	1602,0	9,56			0,03		9,59		434.826	1.297.395	46.897	1.779.118
ORKULINDIR A HAFSBOTNI	590050	1704,0	9,15	1,05				10,20		462.511	90.950	49.883	603.344
HUSHITUNARAEFLUN	590060	469,5	0,12	0,04	0,04		0,08	2,53	2,81	127.435	7.025	13.744	148.204
VIÐHALD MANNV A JARÐHITASV	590070	1347,5						8,07	8,07	365.748	418.174	39.447	823.369
Mg-Si-UTFELLINGAR	590080	537,0					0,13	3,08	3,21	145.756	311.587	15.720	473.063
DJUPBORUN	590090	670,0	3,35			0,62	0,05	4,02		181.856	180.923	19.614	382.393
ERINDI ORKURAOÐS	590100	65,0	0,05		0,17			0,17	0,39	17.643		1.903	19.546
EFTIRLIT MED VATNSVINNSLU	590110	40,0						0,24	0,24	10.857	176.108	1.171	188.136
FORRIT F 2-FASA GEYMSIREIK	590120	161,0	0,34			0,62		0,96		43.700		4.713	48.413
SHAFT - 79, FORRIT	590130	256,5	0,88			0,66		1,54		69.621		7.509	77.130
FISKELDI VIÐ JARÐHITA	590160	155,0					0,93	0,93		42.071	55.626	4.537	102.234
ARSSKYRSLA OS	590170	189,0	1,12	0,01			1,13			51.300		5.533	56.833
RADSTEFNUR ERLENDIS	590180	1552,5	1,34	0,45	2,52	0,86	0,53	0,95	9,30	421.390	27.924	45.448	494.762
SKIPULAG JHD	590190	324,0		0,48	0,40	0,56		0,50	1,94	87.942		9.485	97.427
YMIS VERKEFNI	599991	1104,0	2,79	0,04	0,77	1,29	0,31	1,42	6,62	299.655	15.269	32.319	347.243

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1984-03-18

JHD VERKÁÆTLUN 1985

SGS/IH/ih Tölur í kkr.

	Mann vikur	Laun	Beint á verk	Alls
<hr/>				
Tafla 7				
<hr/>				
MEGIN SKIPTING MANNAFLA OG FJÁR	3.244	38.300	28.357	66.657
<hr/>				
1. REKSTUR DEILDAR	1.227	14.487	17.115	31.602
2. FAGVERKEFNI	267	3.153	970	4.123
3. DEILDARVERKEFNI	755	8.913	9.582	18.495
4. SÖLUVERKEFNI	995	11.747	690	12.437
<hr/>				
REKSTUR DEILDAR	1.227	14.487	17.115	31.602
<hr/>				
Stjórnun, rekstur, ritarar ofl.	306	3.613	3.355	6.968
Orlof, per.tími, veik. ofl.	600	7.084	-	7.084
Rekstur stofa og verkst.	172	2.031	2.300	4.331
Rekstur og viðh. tækja og bíla	149	1.759	8.410	10.169
Gjaldf. stofnkostnaður	-	-	2.200	2.200
Aðkeypt sérfræðipjónusta	-	-	850	850
<hr/>				
Tekjur		71.325		
<hr/>				
Fjárveiting	40.108			
Sérstök framl.	8.220			
Eigin tekjur	22.997			
<hr/>				
Gjöld		66.657		
<hr/>				
Mismunur	7%		4.668	
<hr/>				

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1984-03-18

JHD VERKÁÆTLUN 1985
SGS/IH/ih Tölur í kkr.

Tafla 8	Kostn. nr.	Vst	Vikur	Laun	Beint á verk	Alls
FAGVERKEFNI			267	3.153	970	4.123
JARÐFRÆÐI KORTLAGNING ofl.			17	201	40	241
Jarðhitakort	320311	KS	13	154	10	164
Fjarkönnun	320313	HeTo	4	47	30	77
JARÐFRÆÐI Í BORHOLUM			40	472	60	532
BJF - Forritasafn	330315	JT	8	94	10	104
Þróun á úrvinnsluaðferðum	330316	JT	32	378	50	428
JARÐEÐLISFR. YFIRB. RANNSÓKNIR			72	850	310	1.160
JEL - Þróun tækja	340304	AB	22	260	100	360
JEL - Forritasafn	340310	AB	41	484	10	494
MT - Mælingar	340313	AB	9	106	200	306
JARÐEÐLISFR. BORHOLUMÆLINGAR			64	756	130	886
BHM - nýsmiði mælitækja	350302	VS	22	260	100	360
BHM - Forritasafn	350311	VS	6	71	10	81
Gagnavinnslu tæki í mæl.bíl	350312	VS	26	307	10	317
Þróun aðf. í geymisverkfr.	300311	ÞTh	10	118	10	128
JARÐEFNAFRÆÐI			32	378	120	498
JEF - Forritasafn	360310	HK	11	130	10	140
Þróun aðferða	360311	HK	17	201	100	301
Kenniefni	360313	JB	4	47	10	57
VINNSLUTÆKNI JARÐHITA			42	496	310	806
Varmadælur	370312	MJG	6	71	50	121
Meðhöndlun gast. í jarðgufu	370314	TH	11	130	50	180
VVT - Forritasafn	370318	SÞ	12	142	10	152
Þróun jarðhita nýtingu	370322	SÞ	13	153	200	353

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1984-03-18

JHD VERKÁÆTLUN 1985

SGS/IH/ih Tölur í kkr.

Tafla 9	Kostn. nr.	Vst	Vikur	Laun	Beint á verk	Alls
DEILDARVERKEFNI			755	8.913	9.582	18.495
LÁGHITARANNSÓKNIR			86	1.016	150	1.166
Höfuðborgarsv. heildarkönn.	511111	JT	64	756	50	806
Suðurland heildarkönnun	580081	KS	11	130	50	180
Uppstr.rás heits v. á blg.sv.	590025	SE	11	130	50	180
HÁHITARANNSÓKNIR			139	1.641	1.050	2.691
Trölladyngja, Krísuvík	523002	SE	73	862	400	1.262
Krafla umbrot	566072	AB	22	260	400	660
Hengill	587001	AB	29	342	200	542
Háhitáaætlun enurskoðun	590125	Ómar	15	177	50	227
VINNSLUTÆKNI JARÐHITA			81	956	1.200	2.156
Viðhald mannv. á jarðhitasv.	590070	ÓS	44	519	800	1.319
Mg-Si-Útfellingar	590080	SP	16	189	300	489
Eftirlit með vatnsvinnslu	590110	SP	12	142	50	192
Hagkv. ath. á nýtingu jarðh.	590185	MJG	9	106	50	156
ÖNNUR DEILDARVERKEFNI			183	2.160	2.270	4.430
Jarðvarmamat	590020	GP	10	118	30	148
Almenn þróun hugbúnaðar	590040	AJ	22	260	-	260
WRI	590055	HA	9	106	50	156
Djúpborun	590090	IBF	4	47	30	77
Erindi orkuráðs	590100	GP	5	59	-	59
Wegs fundur	590115	GP	6	71	200	271
Yfirlit um fiskir. staði	590150	KS	11	130	30	160
I.A.H.	590155	JT	9	106	30	136
Ársskýrsla ÓS	590170	GP	6	71	-	71
Ráðstefnur erlendis	590180	GP	25	295	1.800	2.095
Ýmis verkefni	599991	Vst	76	897	100	997
SÉRVERKEFNI			266	3.140	4.912	8.052
Öxarfjörður	567021	VS	21	248	50	298
Gas í Lagarfljóti	567032	SE	8	94	50	144
HSP Kennsla	590010	IBF	198	2.338	4.662	7.000
Orkulindir á hafsbotni	590050	KG	39	460	150	610

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1984-03-18

JHD VERKÁÆTLUN 1985

SGS/IH/ih Tölur í kkr.

Tafla 10	Kostn. nr.	Vst	Vikur	Laun	Beint á verk	Alls
SÖLUVERKEFNI			995	11.747	690	12.437
HITAVEITUR			736	8.690	510	9.200
HR Höfuðborgarsvæði	611111	JT	95	1.122	20	1.142
HR Nesjavellir	611113	VS	452	5.336	300	5.636
HS Svartsengi	623001	SP	31	366	20	386
HS Eldvörp	623002	SP	5	59	10	69
HS Niðurdæling	623003	TH	12	142	50	192
HSe Seltjarnarnes	626011	HK	12	142	-	142
Suðureyri - hitaveita	647061	Ómar	12	142	10	152
HSi Siglufjörður	650001	Ómar	8	94	10	104
Sauðárkrókur - hitaveita	651001	ÞTh	5	59	10	69
HA Akureyri	660001	AB	22	260	30	290
Dalvík - hitaveita	665031	ÓF	18	213	10	223
Hrísey - hitaveita	665041	KS	10	118	10	128
HEF - Egilsstöðum	676031	SE	12	142	10	152
HSf Selfoss	680001	JT	29	342	10	352
Hitaveita Rangæinga	686091	LSG	13	153	10	163
FISKELDI			28	330	40	370
Íslands lax Stað	625012	SP	4	47	10	57
Eldi hf. Húsatóftum	625013	SP	3	35	10	45
Nauteyri	648061	GIH	14	165	10	175
ÍSNO	667011	KS	7	83	10	93
Söluverk erlendis			31	366	-	366
Milos	699101	SP	8	94	-	94
Nisyros	699102	SP	23	272	-	272
ÖNNUR SÖLUVERK			200	2.361	140	2.501
Sjóefnavinnslan	625011	SP	3	35	10	45
JVR Námafjall	666071	SP	38	449	-	449
RARIK Krafla. borun. eftirl.	666072	BS	92	1.086	50	1.136
Vopnafjörður	675021	KS	16	189	10	199
Segulmælingar á Skeiðarársandi	677061	KG	3	35	-	35
Suðurland, ýmsar borframkv.	680081	KS	26	307	20	327
Ýmsis þjónustuverkefni	699991	Vst	22	260	50	310

Skipulag jarðhitadeildar

Stærri verkefni jarðhitadeildar eru flest þess eðlis að þau krefjast náinnar samvinnu sérfræðinga á mismunandi fagsviðum. Með það í huga og til að tryggja eftir föngum faglega getu á hinum ýmsu sviðum er deildin skipulögð í meginatriðum eftir fagsviðum í sex fagdeildir. Fagdeildarstjórar hafa umsjón með fagverkefnum, en fyrir deildar- og söluverkefni eru settir sérstakir verkefnisstjórar, er fá til umráða starfslið af fagdeildum eftir fyrirfram gerðri áætlun. Jarðhitaskólinn er einnig skipulagslega sérstök undirdeild með forstöðumanni.


Rekstrarstjóri gegnir veigamiklu hlutverki við áætlanagerð, samhæfingu, daglegan rekstur og tengsl við stjórnarsýsludeild.

Deildarfundir eru samráðsvettvangur deildarstjóra, rekstrarstjóra og forstjóra. Þar eru rædd sameiginleg mál eins og fjárlagatillögur, verkefnaáætlanir, uppgjör verka, starfsmannahald o.fl.

Fagsvið jarðhitadeildar eru eftirfarandi:

- Jarðfræðikortlagning (JFK)
- Borholujarðfræði (BJF)
- Jarðeðlisfræði (JEL)
- Borholumælingar (BHM)
- Jarðefnafræði (JEF)
- Verkfræði og vinnslutækni (VVT)

Utan þessara fagsviða er viss hluti starfsemi JHD, s.k. samkostnaður (SMK).



Starfsmannaskrá 1984

Fangamark: Mánaðarverk:

Samkostnaður (SMK)

Guðmundur Pálmason, forstjóri	GP	
Stefán Sigurmundsson, rekstrarstjóri	SGS	
Ingimar Halldórsson, tölvari	IH	
Sigríður Valdimarsdóttir, skrifstofumaður	SiV	6,0
Aðalheiður Jóhannesdóttir, skrifstofumaður	AJ	6,0
Ólöf Erlingsdóttir, skrifstofumaður	ÓE	3,0
Þorsteinn Thorsteinsson, verkfræðingur	ÞTh	
Ásmundur Jakobsson, eðlisfræðingur	ÁJ	
Karl Gunnarsson, jarðeðlisfræðingur	KG	
Gunnar V. Johnsen, verkfræðingur	GVJ	
Ragnar Sigurðsson, stærðfræðingur	RS	8,0
Lausráðið starfsfólk:		
Guðrún Bjarnadóttir, skrifstofumaður	GB	6,0
Þóra Þorvaldsdóttir, skrifstofumaður	ÞÞ	
Tryggvi Edwald, stærðfræðingur	TE	4,0
Jón A. Mýrdal, kerfisfræðingur		2,4

Jarðfræðikortlagning (JFK)

Kristján Sæmundsson, deildarstjóri	KS	
Sigmundur Einarsson, jarðfræðingur	SE	
Guðmundur I. Haraldsson, jarðfræðingur	GIH	
Helgi Torfason, jarðfræðingur	HeTo	
Lausráðið starfsfólk:		
Jón Jónsson, jarðfræðingur	JJ	1,3

Borholujarðfræði (BJF)

Jens Tómasson, deildarstjóri	JT	
Ásgrimur Guðmundsson, jarðfræðingur	ÁsG	
Hjalti Franzson, jarðfræðingur	HF	
Margrét Kjartansdóttir, jarðfræðingur	MK	6,0
Guðlaugur Hermannsson, rannsóknarmaður	GHe	4,5
Hildigunnur Þorsteinsdóttir, rannsóknarmaður	HÞ	3,5
Benný I. Baldursdóttir, rannsóknarmaður	BIB	
Gyðríður Jónsdóttir, rannsóknarmaður	GGJ	
Lausráðið starfsfólk:		
Guðmundur Ómar Friðleifsson, jarðfræðingur	GÓF	
Ómar Bjarki Smáráson, jarðfræðingur	ÓBS	
Vigdís Harðardóttir, jarðfræðingur	VH	4,3
Árný E. Sveinbjörnsdóttir, jarðfræðingur	ÁES	8,7
Erla K. Harðardóttir, rannsóknarmaður		3,3
Gísli Guðmundsson, jarðfræðingur		5,6
Ingvar Þ. Magnússon, jarðeðlisfræðingur		10,0

Jarðeðlisfræði (JEL)

Axel Björnsson, deildarstjóri	AB	
Brynjólfur Eyjólfsson, eðlisfræðingur	BEy	
Luðvík S. Georgsson, verkfræðingur	LSG	
Ólafur G. Flovenz, eðlisfræðingur	ÓGF	
Einar H. Haraldsson, verkfræðingur	EHH	
Hákon Helgason, tækjafræðingur	HH	
Knútur Árnason, eðlisfræðingur	KÁ	
Hörður Halldórsson, tæknifræðingur	HöH	
Ragna Karlsdóttir, Verkfræðingur	RK	0,5
Lausráðið starfsfólk:		
Gylfi Páll Hersir, jarðeðlisfræðingur	GPH	6,0
Björn Axelsson, nemi		0,6
Einar Örn Sveinbjörnsson, háskólanemi		2,5
Eypór H. Ólafsson, háskólanemi		3,3
Halldór Guðmundsson, háskólanemi		2,6
Hjálmar Eysteinnsson, jarðeðlisfræðingur	HE	1,4
Grímur Björnsson, jarðeðlisfræðingur		10,4
Guðmundur H. Guðmundsson, háskólanemi		2,9
Kristján Ágústsson, jarðeðlisfræðingur		2,7
Magnús T. Guðmundsson, háskólanemi		2,5
Ólafur Guðmundsson, aðalbókari		0,4
Sigurður Th. Rögnvaldsson, háskólanemi		2,4
Þórður Arason, kennari		2,4

Borholumælingar (BHM)

Valgarður Stefánsson, deildarstjóri	VS	
Benedikt Steingrímsson, eðlisfræðingur	BS	
Hilmar Sigvaldason, eðlisfræðingur	HS	
Guðjón Guðmundsson, landfræðingur	GjG	
Guðni Guðmundsson, rannsóknarmaður	GuG	
Ómar Sigurðsson, verkfræðingur	Ómar	
Lausráðið starfsfólk:		
Helga Tulinius, jarðeðlisfræðingur	HTul	
Ari Ólafsson, kennari		1,9
Ásmundur Eiríksson, háskólanemi		2,9
Steinar Þór Guðlaugsson, jarðeðlisfræðingur		0,7
Svanbjörg H. Haraldsdóttir, jarðeðlisfræðingur		2,5

Jarðefnafræði (JEF)

Hrefna Kristmannsdóttir, deildarstjóri	HK	
Magnús Ólafsson, jarðefnafræðingur	MÓ	
Jón Benjamínsson, jarðfræðingur	JB	
Jón Örn Bjarnason, efnafræðingur	JÖB	
Halldór Ármannsson, efnafræðingur	HÁ	
Kristján H Sigurðsson, rannsóknarmaður	KHS	
Lausráðið starfsfólk:		
Sigurleifur Tómasson, rannsóknarmaður		4,0
Anna E. Ólafsdóttir, háskólanemi		1,4
Guðrún Þ. Magnúsdóttir, háskólanemi		2,1
Sigurbjörg Gíslasóttir, efnafræðingur		1,9
Sigurður I. Sigurðsson, háskólanemi		2,4

Vinnslutækni jarðvarma (VVT)

Sverrir Þórhallsson, deildarstjóri	SP	
Sæþór L. Jónsson, deildartækni-fræðingur	SLJ	
Trausti Hauksson, verkfræðingur	TH	
María Jóna Gunnarsdóttir, tækni-fræðingur	MJG	
Ólafur Sigurjónsson, verkstjóri	ÓS	
Hjörleifur Jakobsson, verkfræðingur	HJ	6,0
Jón Steinar Guðmundsson, verkfræðingur	JSG	1,0
Lausráðið starfsfólk:		
Gauðlaugur Valgarðsson, nemi		3,1
Ólafur Kjartansson, verkfræðingur		2,9
Sighvatur O. Elefsen, tækni-fræðingur		2,4
Steingrímur Gautur Pétursson, nemi		3,3

Jarðhitaskóli sameinuðu þjóðanna (H.S.Þ)

Ingvar Birgir Friðleifsson, deildarstjóri	IBF	
Sigurjón Ásbjörnsson, fulltrúi	SÁ	
Halldóra Hreggviðsdóttir		2,8



ORKUSTOFNUN
Grensásv. 9 108 Reykjavík
Sími 83600 Telex 2339

Verkefnisnúmer: 3XX3XX
Dags: Mars 1985
Nafn: Stefán G. Sigurmundsson

1

VERKEFNISUPPGJÖR FYRIR ÁRIÐ 1984

Heiti:
Almennur rekstur Jarðhitadeildar

Tímabil Ár Mán
upphaf: _____
lok: _____

Hverjir unnu að verkinu og hve lengi:

Deild	Nafn	Mán
SMK		80,75

Árangur af verkinu, greinagerðir, skýrslur og annað:

Fjárhags og verkáætl. JHD mars 1984

Endurskoðuð maí 1984

- " - okt. 1984

Mannmánuðir alls	80,75
------------------	-------

Greinargerð:

Unnið var að áætlanagerð og eftirliti með þeim. Vinnuskýrslur og reikningar fengu eðlilega meðhöndlun. Útskrift reikninga og öll vélritun á deildinni fellur og undir þetta verkefni.

KOSTNAÐUR

Kostnaður bókaður beint á verk.....	-
Laun samkv. vinnuskýrslum.....	3.660.192
Óbeinn kostnaður.....	
Annað.....	

Heildarkostnaður	3.660.192
------------------	-----------

Greiðendur: Jarðhitadeild

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ1985.....

Áætlaðir áfangar á árinu:

Svipað umfang og á fyrra ári.

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi hverrar.

1.	Stjórnun, rekstur ritara o.fl.	3.613.000
2.	Orlof, pers. tími, veikindi, endurmenntun	7.084.000
3.		
4.		
5.		
6.		
7.		
	Áætlaður kostnaður	7.355.000
1.		
2.		
3.		
4.		
5.	Samtals...	14.052.000

Framkvæmdalýsing:

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ.....1985

Áætlaðir áfangar á árinu:

Svipað umfang og 1984.

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi hverrar.

1.	Svarf, þunnsneiðar, smásjá, röntgen	188.896
2.	Jarðeðlisfræðistofa	342.374
3.	Efnafræðistofa	1.499.362
4.		
5.		
6.		
7.		
	Áætlaður kostnaður	2.300.000
1.		
2.		
3.		
4.		
5.	Samtals...	4.330.632

Framkvæmdalýsing:

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ.....1985.....

Áætlaðir áfangar á árinu:

Svipað umfang og á fyrra ári.

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi hverrar.	
1.	Jarðeðlisfræðideild - bílar og mælitæki 460.434
2.	Borholumælingar - bílar og tæki 826.420
3.	Jarðefnafræði - Sýnatökubíll o.fl. 259.732
4.	Vinnslutækni - tæki og áhöld 212.508
5.	
6.	
7.	
	Áætlaður kostnaður 8.410.000
1.	
2.	
3.	
4.	
5.	Samtals... 10.169.094

Framkvæmdalýsing:

OR ORKUSTOFNUN
Grensásv. 9 108 Reykjavík
Sími 83600 Telex 2339

Verkefnisnúmer: 300 310
Dags: Mars 1985
Nafn: Guðmundur Pálmason

7

VERKEFNISUPPGJÖR FYRIR ÁRIÐ 1984

Heiti:
Þyngdarkort

Tímabil Ár Mán
upphaf: _____
lok: _____

Hverjir unnu að verkinu og hve lengi:

Deild	Nafn	Mán
-------	------	-----

Landmælingar VOD		0,27
------------------	--	------

Árangur af verkinu, greinagerðir, skýrslur
og annað:

Drög að tölvuteiknuðu þyngdarkorti af
landinu í mælikvarða 1:2.000.000
liggja fyrir

Mannmánuðir alls	0,27
------------------	------

Greinargerð:

Gert var þyngdarkort, Bouguerkort, af öllu landinu í mælikvarða 1:2.000.000

KOSTNAÐUR

Kostnaður bókaður beint á verk.....	5,298
Laun samkv. vinnuskýrslum.....	12,214
Óbeinn kostnaður.....	748
Annað.....	

Heildarkostnaður 18,260

Greiðendur: Jarðhitadeild

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ.....1985.....

Áætlaðir áfangar á árinu:

Verki ekki fram haldið á þessu ári.

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi herrar.

1.

2.

3.

4.

5.

6.

7.

8.

Áætlaður kostnaður

1.

2.

3.

4.

5.

Samtals...

6.

Frámkvæmdalýsing:



ORKUSTOFNUN
Grensásv. 9 108 Reykjavík
Sími 83600 Telex 2339

Verkefnisnúmer: 300311
Dags: janúar 1985
Nafn: Þorsteinn Thorsteinsson

9

VERKEFNISUPPGJÖR FYRIR ÁRIÐ1984.....

Heiti:

Þróun aðferða í geymisverkfræði

Tímabil Ár Mán
upphaf: 84 07
lok: _____

Hverjir unnu að verkinu og hve lengi:

Deild Nafn Mán

SMK 4,64

Mannmánuðir alls

Árangur af verkinu, greinargerðir, skýrslur

og annað:

Árangur af verkinu kemur m.a. fram í skýrslum JHD um boranir hola RV-39, 40 og 41 í Reykjavík og holu Sn-1 - 6 á Seltjarnarnesi, og mælingum fyrir hitaveitu Sauðárkróks.

Greinargerð:

Haldið var áfram samanburði á viðbrögðum vatnsstöðu jarðhitasvæða við vinnslu. Til þess að auðvelda verkið voru gerð tvö tölvuforrit. Annarsvegar "VINNSLA" (O.Sig.) til innfærslu vatnsborðs og vinnslugagna og hinsvegar "GOGN" (R.Sig.) til túlkunar dæluprófana í borholum. Forritin voru notuð til úrvinnslu gagna frá Reykjavík, Seltjarnarnesi, Laugalandi Holtum, Sauðárkróki og víðar. Eldri vinnslu og dæluprófanagögn voru endurskoðuð.

KOSTNAÐUR

Kostnaður bókaður beint á verk.....

Laun samkv. vinnuskýrslum..... 210,492

Óbeinn kostnaður..... 12,892

Annað.....

Heildarkostnaður

223,384

Greiðendur:

Jarðhitadeild

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ.....1985.....

Áætlaðir áfangar á árinu:

Verkinu verður framhaldið á líkan hátt og verið hefur.

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi hvernar.			
1.	SMK	1,5	72.000
2.	BHM	1,0	48.000
3.			
4.			
5.			
6.			
7.			
		Áætlaður kostnaður	10.000
8.			
9.			
10.			
11.			
12.			
13.			
14.			
15.		Samtals...	130.000

Framkvæmdalýsing:

Gert er ráð fyrir að skrifaðar verði lýsingar á forritunum og bætt inn í þau þáttum, sem enn er ólokið auk þess sem þau verða áfram notuð til úrvinnslu nýrra og eldri gagna.

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ.....1985

Áætlaðir áfangar á árinu:

Áætlað er að ljúka við uppkast að kortinu

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi hverrar.

1.	JFK	2,25	Færir grunnupplýsingar um jarðhitann	108.000
2.	JEL	1	Leggur til og færir inn upplýsingar frá jarðeðlisfræði- sviði	48.000
3.				
4.	Efnafræði 1	1	Leggur til og færir inn upplýsingar um efnainnihald í jarðhitavatni	
5.				
6.				
7.				

Áætlaður kostnaður

1.	Prentun tákna til áþrykkingar	ca. 10.000
2.		
3.		
4.		
5.	Samtals...	166.000

Framkvæmdalýsing:

Sigta þarf fyrirliggjandi gögn með tilliti til þess sem mælikvarði kortsins leyfir og gert er ráð fyrir í skilgreiningu. Gerð uppkasts verður aðallega í verkahring Helga Torfasonar. Af hálfu jarðeðlisfræðideildar mun annast gagnavinnslu og af hálfu efnafræðideildar skilgreining á atriðum kortsins fylgir með á sérstöku blaði. Óhjákvæmilegt verður að leita til ýmissa manna á stofnuninni um upplýsingar um mörg atriði kortsins. Eingöngu er um að ræða vinnu innanhúss á OS.



ORKUSTOFNUN
Grensásv. 9 108 Reykjavík
Sími 83600 Telex 2339

Verkefnisnúmer: 320312
Dags: Mars 1985
Nafn: Kristján Sæmundsson

13

VERKEFNISUPPGJÖR FYRIR ÁRIÐ ..1984.....

Heiti:
DNAG Ritgerð

Tímabil Ár Mán
upphaf: _____
lok: _____

Hverjir unnu að verkinu og hve lengi:

Deild	Nafn	Mán
JFK		0,28

Árangur af verkinu, greinargerðir, skýrslur
og annað:

Handrit sent GSA til birtingar.

Mannmánuðir alls	0,28
------------------	------

Greinargerð:

Lokið við ritgerð um jarðfræði Íslands og eyja á norðanverðu Atlantshafi og Íshafi.

KOSTNAÐUR

Kostnaður bókaður beint á verk.....	12.486
Laun samkv. vinnuskýrslum.....	765
Óbeinn kostnaður.....	
Annað.....	

Heildarkostnaður	13.251
------------------	--------

Greiðendur: Jarðhitadeild

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ...1985.....

Áætlaðir áfangar á árinu:

Verki lokið

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi herrar.

1.

2.

3.

4.

5.

6.

7.

Áætlaður kostnaður

1.

2.

3.

4.

5.

Samtals...

Þrækkvæmdalýsing:



ORKUSTOFNUN
Grensásv. 9 108 Reykjavík
Sími 83600 Telex 2339

Verkefnisnúmer: 320 313

15

Dags: Des 1984

Nafn: Helgi Torfason

VERKEFNISUPPGJÖR FYRIR ÁRIÐ 1984.....

Heiti:

Fjarkönnun jarðhitasvæða á Íslandi (Remote Sensing)

Tímabil	Ár	Mán
upphaf:	80	
lok:	86	

Hverjir unnu að verkinu og hve lengi:

Deild	Nafn	Mán
JHD	HeTo	1,93

Árangur af verkinu, greinagerðir, skýrslur og annað: Engar skýrslur hafa verið gerðar

Mannmánuðir alls	1,93
------------------	------

Greinargerð:

Unnið var við að viðhalda gögnum um jarðhitasvæðin og farið í tvær ferðir til að athuga háhitasvæði. Farið var inná: Vonarskarð, Köldukvíslarbotna, Blautukvísl (sem ekki reyndist vera skyld háhita svo séð yrði), Hveravelli, Geysi, Fremrináma, Hróthálsa, Öskju, Nesjavelli, Kröflu og Peistareyki. - Ferðir voru farnar í þeim tilgangi að fá það mikla nasasjón af svæðunum svo unnt yrði að skipuleggja frekari rannsóknir af meira öryggi, skoða þekkt svæði til samamburðar og athuga fýsar myndanir sem koma fram á innrauðum myndum (flugmyndum). Reynt var að fylgjast með nýjum loftmyndum af svæðunum og þær þá keyptar, og settar í file sem verið er að koma upp í sambandi við þetta verkefni.

Vegna forgangs annarra verkefna fram yfir þetta verk var lítið hafist handa við að setja saman texta í fyrirhugað rit um fjarkönnun háhitasvæðanna. Þau verkefni sem vinna átti í sambandi við rit þetta verða því flutt yfir á árið 1985.

KOSTNAÐUR

Kostnaður bókaður beint á verk.....	28,876
Laun samkv. vinnuskýrslum.....	87,399
Óbeinn kostnaður.....	5,353
Annað.....	

Heildarkostnaður	121,628
------------------	---------

Greiðendur:

Jarðhitadeild

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 1985.....

Áætlaðir áfangar á árinu:

1. Túlkun gagna frá háhitasvæðum.
2. Textavinnsla - teiknivinna - ljósmyndagerð : Kaflar um háhitasvæðin, ritaðir af starfsmönnum jarðhitadeildar ásamt sérfræðingum í jarðhita við Hásk.Ísl.
3. Útvinna við forathugun á fáeinum háhitasvæðum.
4. Samvinna við R.S.Williams jr. hjá USGS.
5. Samræming á gögnum og texta í lok 1985 með birtingu fyrirhugaða 1986.

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi hverrar.

1.	JKD	1	48.000
2.			
3.			
4.			
5.			
6.			
7.			
		Áætlaður kostnaður	30.000
1.			
2.			
3.			
4.			
5.		Samtals...	78.000

Framkvæmdalýsing:

1985 LAUSLEG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN:

jan Gögnum dreift til höfunda, úrvinnsla

feb Úrvinnsla

mar Úrvinnsla og hafist handa með skriftir einstakra kafla

apr Textavinnsla

maí Fyrstu handrit tilbúin

jún Öll handrit komin - Allar myndir komnar - Öll handrit sett í yfirlestur

júl-des Unnið að útgáfu, setningu, prófarkalestri, lagfæringum, yfirlestri oph



ORKUSTOFNUN
Grensásv. 9 108 Reykjavík
Sími 83600 Telex 2339

Verkefnisnúmer: 330310
Dags: 1985.01.17
Nafn: Jens Tómasson

17

VERKEFNISUPPGJÖR FYRIR ÁRIÐ 1984

Heiti:

Málmsteindir

Tímabil Ár Mán
upphaf: _____
lok: 84

Hverjir unnu að verkinu og hve lengi:

Deild	Nafn	Mán
Mannmánuðir alls		0,39

Árangur af verkinu, greinagerðir, skýrslur
og annað:

Greinargerð:

Ekkert unnið í verkefninu í ár. Undirbúningur að skoðun gljásneiða.

KOSTNAÐUR

Kostnaður bókaður beint á verk.....

Laun samkv. vinnuskýrslum.....

17,643

Óbeinn kostnaður.....

1,081

Annað.....

Heildarkostnaður

18,724

Greiðendur:

Jarðhitadeild

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ.....1985...

Áætlaðir áfangar á árinu:

Lagt er til að verkinu verði haldið áfram í svipuðu umfangi og áætlað var 1984. Settur verður nýr verkefnisstjóri Árný Sveinbjörnsdóttir. Sjá 330316

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi hverrar.

Áætlaður kostnaður

Samtals...

Þrámkvæmdalýsing:

- 1) Koma greiningu málmsteinda á sama stig og greiningu annara steinda, en málmsteindarannsóknum hefur verið lítið sinnt til þessa.
- 2) Efnagreina málmsteindir í örgreini frá nokkrum jarðhitasvæðum, byrjað á Reykjanesi.

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ...1985....

Áætlaðir áfangar á árinu:

Sjá 330316

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi hverrar.

Áætlaður kostnaður

Dagpeningar og ferðapeningar í 1 viku HF

Dagpeningar og ferðapeningar í 1 viku GÓF

Samtals...

Samkvæmdalýsing:

Gert er ráð fyrir 1 viku feltvinnu HF í Borgarfirði og 2 vikna vinnu í rannsóknarstofu, og á líkan hátt 1 viku útivinnu GÓF í Geitafellseldstöðinni í Hornafirði og 2 vikna rannsóknarstofuvinnu á OS.



ORKUSTOFNUN
Grensásv. 9 108 Reykjavík
Sími 83600 Telex 2339

Verkefnisnúmer: 330314
Dags: 85.01.11
Nafn: Ómar Bjarki Smárasón

21

VERKEFNISUPPGJÖR FYRIR ÁRIÐ 1984

Heiti:

Jarðhiti á Ströndum

Tímabil Ár Mán
upphaf: _____
lok: 84 12

Hverjir unnu að verkinu og hve lengi:

Deild	Nafn	Mán
BJF	Ómar Bjarki Smárasón	0,21
Mannmánuðir alls		0,21

Árangur af verkinu, greinargerðir, skýrslur
og annað:

Við Djúpuvík í Reykjavík fannst vísbending um tvær volgrur, sem ekki var vitað um áður.

Greinargerð:

Unnið var 2 daga við volgruleit við Djúpuvík í Reykjavík.
Þar fundust tveir staðir með vísbendingu um volgt vatn.
Eskilegt væri að ganga úr skugga um hvort þarna er nýtanlegur jarðhiti, en til þess þyrfti að ganga um svæðið að vetrarlagi.

KOSTNAÐUR

Kostnaður bókaður beint á verk.....

Laun samkv. vinnuskýrslum.....

9,500

Óbeinn kostnaður.....

582

Annað.....

Heildarkostnaður

10,082

Greiðendur:

ÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 1985

Áætlaðir áfangar á árinu:

Gert er ráð fyrir að ljúka við skýrslur um tengsl jarðhita og jarðfræði á svæðinu frá Eyvindarfirði að Steingrímsfirði, og jarðfræði Árneseldstöðvar.

Sjá 330316

Mannmánuðir eftir deildum ásamt lýsingu á starfi hverrar.

Áætlaður kostnaður

Samtals...

ramkvæmdalýsing:

1. Stefnt er að því að ljúka við skýrslu um jarðfræði og jarðhita á svæðinu milli Eyvindarfjarðar og Steingrímsfjarðar. Verkið er nokkuð á veg komið, s.s. jarðfræði- og jarðhitakort auk jarðlagasniða. Eftir er að hreinteikna kort og myndir. Um helmingur textans er til í uppkastsformi.
2. Enn fremur er áformað að ljúka skýrslu um jarðfræði Árneseldstöðvar. Texti er að miklu leyti til í handriti á ensku. Eftir er að hreinteikna kort og myndir



ORKUSTOFNUN
Grensásv. 9 108 Reykjavík
Sími 83600 Telex 2339

Verkefnisnúmer: 330315
